

AÐALSTEINN EYÞÓRSSON OG
BERGLJÓT SOFFÍA KRISTJÁNSDÓTTIR

Leikið orðtólum

Um málfræðinginn og
táknfræðinginn Þórberg Þórðarson

Inngangur

Gerðu svo vel og gakk í bæinn!
Gleðin er hér á boðstólum.
Eg hef verið löngum lagin
að leika mínum orðtólum.¹

Þórbergur Þórðarson stundaði formlegt háskólanám í íslenskum bókmenntum, máli og sögu á árunum 1913–1918 þó að hann fengi aldrei bréf uppá það.² Meðan á náminu stóð, nánar tiltekið sumarið 1916, tók hann að safna orðum úr mæltu íslensku máli og fékkst við slíka orðasöfnun fram á þriðja áratuginn.³ Hann titlaði sig líka sem málfræðing og langt fram eftir 20. öld má sjá þess dæmi að menn litu á hann sem málfræðing ekki síður en rithöf-

-
- ¹ Þórbergur Þórðarson, „Viðauki I. Raulað við sjálfan sig“, *Edda Þórbergs Þórðarsonar*, Reykjavík: Mál og menning, 1984, bls. 226. Tekið skal fram að vísan er lögð í munn konu og er önnur af tveimur sem ber nafnið „Innbóðsvísur“.
- ² Um háskólanám Þórbergs, sjá Þórbergur Þórðarson, „Norraenunámið“, *Meistarar og lærisveinar eftir Stóra ævisögulega handritinu*, Arngrímur Vídalín bjó til útgáfu, Reykjavík: Forlagið, 2010, bls. 17–22; Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar*, Reykjavík: Opna, 2015, bls. 19, 150–162.
- ³ Guðrún Kvaran, „Söfnun Þórbergs Þórðarsonar úr mæltu máli“, *Íslenskt mál og almennt málfræði* 1/2006, bls. 161–184.



und.⁴ Um málfræðiiðkanir Þórbergs hefur þó minna verið skrifað en tilefni er til og táknafræðingnum Þórbergi hefur einnig verið lítill gaumur gefinn. Hér hyggjumst við annarsveggar ræða um stöðu málfræðingsins Þórbergs í sögulegu samhengi, einkum afstöðu hans til ýmissa álitamála sem voru ofarlega á baugi meðal evrópskra málfræðinga framan af 20. öld. Hins vegar ætlum við að huga lítið eitt að táknskilningi hans í bókinni *Steinarnir tala* með hliðsjón af erlendum fræðikenningum, ekki síst hugmyndum brautryðjenda og stuðningsmanna líftáknafræðinnar svonefndu (e. *biosemiotics*). Þannig reynum við að veita örlitla innsýn í það hvers háttar táknskilningur Þórbergs er en í sömu mund opna gátt inn á svið sem kallar á frekari rannsóknir á höfundarverki hans öllu.

Steinaldarleikföng og listasmíðir

Í *Ofvitanum* lýsir Þórbergur því hvers hann vænti af íslenskukennslu í Kennaraskólanum vorið 1909:

Íslenzk málfræði? það hlýtur að vera allt annað en ritreglu-skrattarnir sem ég las í kvöldskólanum hans Ásgríms Magnússonar, áður en ég fór á skútuna í vetur. Íslenzk málfræði hlýtur að vera um það, hvernig orðin hafa skapast, hvaða meaning er í þeim, hvernig eitt orð er skylt öðru. Hvers vegna heitir lúkarinn lúkar og káetan káeta?⁵

Þessar vonir rættust reyndar ekki til fulls en þó lýsir Þórbergur íslenskukennslu doktors Björns Bjarnasonar frá Viðfirði hálfpartinn eins og ljósi í myrkri meðal námsgreina Kennaraskólans. Síðar í sömu bók segir Þórbergur frá raunum sínum við að lesa undir gagnfræðapróf í Menntaskólanum. Sem fyrr gengur honum illa að festa hugann við námsbækurnar, með einni undantekningu þó:

Ég var líka sjúklega forfallinn í íslenska málfræði, leið illa á líkama og sál, ef ég lét nokkurn dag svo líða, að ég læsi ekki dálítinn slurk í málmyndalýsingu Wimmers eða Málfræði íslenskrar tungu eftir Finn Jónsson.⁶

⁴ Sjá til dæmis Benjamín Eiríksson, „Ópið bréf til alþingismanna“, *Vísir*, 11. nóvember 1964, bls. 9.

⁵ Þórbergur Þórðarson, *Ofvitinn*, Reykjavík: Mál og menning, 1979, bls. 9.

⁶ Þórbergur Þórðarson, *Ofvitinn*, bls. 212. Bækurnar sem Þórbergur nefnir eru handbækur um forníslenska málfræði, notaðar við kennslu í Menntaskólanum og raunar

Í norrænunáminu í Háskóla Íslands voru aðalkennarar Þórbergs Björn M. Ólsen (bókmenntasaga, forn kveðskapur og málfræði) og Jón Jónsson (saga Íslands) en einnig komu við sögu Holger Wiehe og Alexander Jóhannesson, auk Sigurðar Nordal síðasta veturinn.⁷ Það var einkum Björn M. Ólsen og kennsla hans sem Þórbergi varð hugstæð. Í Endurfæðingakróniku sinni orðar hann það svo: „Horfi á Björn M. Ólsen í fjögur ár eins og hundtík á húsbónda sinn“.⁸ Það hefur vafalaust verið fyrir áhrif af kennslu Björns að Þórbergur tók sér fyrir hendur að semja skýringar við Snorra-Eddu sem hann ætlaði til útgáfu en handritið mun hafa týnst áður en af því varð.⁹

Sú málfræði sem iðkuð var á Vesturlöndum framan af 20. öld var auðvitað fyrst og fremst sögulegs eðlis, reist á grunni germanskrar og indóevrópskrar samanburðarmálfræði. Samanburðarmálfræðin hafði unnið mikla sigra á 19. öldinni, málfræðingum hafði tekist að setja fram lögmál um hljóðbreytingar í grárri fornneskju sem meðal annars var unnt að beita til að rekja saman ættir flestra Evrópumála og sýna fram á skyldleika þeirra við indversk og írönsk mál. Fyrir vikið voru málvísindi í miklum metum og gjarnan talin hafa bæst í hóp „raunverulegra“ vísinda. Náttúruvísindin voru hin mikla fyrirmynd á 19. öldinni, rannsóknir í jarðfræði höfðu varpað nýju ljósi á sögu jarðarinnar og þróunarkenning Darwins valdið straumhvörfum í sýn manna á sögu dýrarárkisins og þar með mannkynsins. Sumir málfræðingar á þessu skeiði litu svo á að uppgötvani í samanburðarmálfræði hefðu beinlínis lyft málvísindum upp á stall náttúruvísinda – tungumál bæri að skoða sem náttúrufyrirbæri og rannsaka þau sem slík, rétt eins og dýrategundir eða jarðmyndanir. Eflaust höfðu slík sjónarmið sitt að segja um þá grósku sem hljóp í söfnun til sögulegra orðabóka í ýmsum Evrópumálum á 19. öld og entist fram á þá 20. Það var álitnið mikilvægt að safna ítarlegum gögnum, allt frá elstu ritheimildum og fram til samtímans, safna sýnum sem nota mætti til að rekja söguna, skilja

líka í Háskóla Íslands eftir að hann kom til: Ludvig F. A. Wimmer, *Forníslensk málmyndaþýsing*, þýðandi Valtýr Guðmundsson, Reykjavík: Kristján Ó. Þorgrímsson, 1885; Finnur Jónsson, *Málfræði íslenskrar tungu og helstu atriði sögu bennar í ágripi*, Kaupmannahöfn: Sigurður Kristjánsson, 1908.

⁷ Þórbergur Þórðarson, *Meistarar og lærisveinar*, bls. 17–18.

⁸ Stefán Einarsson, *Þórbergur Þórðarson, fræðimaður – spámaður – skáld, fimmtugur*, Reykjavík: Heimskringla, 1939, bls. 9.

⁹ Þórbergur Þórðarson, *Meistarar og lærisveinar*, bls. 18–22. Auk þeirra áhrifa sem formlegt nám í málfræði kann að hafa haft á Þórberg, má heldur ekki gleyma því að meðal náninna vina hans voru að minnsta kosti tveir málfræðingar, þeir Stefán Einarsson og Jakob Jóh. Smári. Faðir þess síðarnefnda, Jóhannes L. L. Jóhannsson, var samstarfsmaður Þórbergs í orðasöfnun og samdi einnig málfræðirit.

hana og setja hana í samhengi við indóevrópska ættartréð á svipaðan hátt og náttúruvísindamenn söfnuðu sjaldgæfum tegundum og steingervingum.¹⁰

En hugmyndin um málfræði sem náttúruvísindi hafði fleiri afleiðingar. 19. aldar málfræðingar sem vildu feta þá leið – og styrkja þannig virðingarstöðu fræðigreinarinnar – hlutu að leita fyrirmynda í jarðfræði og líffræði þar sem vísindamönnum hafði tekist að afmarka þau öfl og þau lögmál sem réðu þróun jarðarinnar og lífveranna þar. Samanburðarmálfræðin hafði sýnt fram á hvernig tungumál höfðu breyst og þróast í tímans rás, sum liðu undir lok en nýjar tungur spruttu af horfnum fornmálum. Eitt af viðfangsefnum „vísindalegrar“ málfræði var því að bera kennsl á þau öfl og þau lögmál sem knúðu slíkar breytingar áfram. Og þar hlutu einhvers konar náttúruöfl og náttúrulögmál að ráða ferðinni fremur en frjáls vilji einstaklinga. En þetta reyndist þrautin þyngr og ýmis sjónarmið á lofti um hvar ætti að leita svara. Meðal þess sem þar kom til álita var að tungumál þróuðust eins og lífverur sem vaxa og dafna uns þær taka að hrörna og deyja loks. Fyrirmynda var leitað í flokkunarfræði lífvera í anda Linné og í þróunarkenningu Darwins.¹¹ Þarna komu líka við sögu hugmyndir um markvissa þróun mannsandans í anda Hegels og skyldar kenningar um „þjóðaranda“ (þý. *Volksgeist*) og „þjóðasálfræði“ (þý. *Völkerpsychologie*)¹² sem stýrði þróun tungumála, svo ekki sé minnst á margar og margvíslegar uppástungur um uppruna mannlegs máls og hvort það væri „guðs gjöf“ til mannkynsins eða áunninn hæfileiki tegundarinnar. Þó voru líka til málfræðingar sem höfnuðu því að leita sífellt fyrirmynda í náttúrufræðum og lögðu áherslu á tjáskiptahlutverk tungumálsins, mótunaráhrif samfélagsins, nýsköpun og meðvitun frá viku frá venju

¹⁰ Sjá til dæmis Anna Morpurgo Davies, *History of Linguistics. Volume IV: Nineteenth-Century Linguistics*, ritstjóri Giulio Lepschy, London og New York: Longman, 1998, bls. 24–58.

¹¹ Það var August Schleicher sem gekk einna lengst í að samsama málvísindi náttúruvísindum. Hann leit beinlínis svo á að tungumál væru lifandi verur og seld undir sömu lögmál og aðrar slíkar. Höfuðrit hans er *Compendium der vergleichenden Grammatik der indogermanischen Sprache*, Weimar: Böhlau, 1861–2. Í ritinu *Die Darwinische Theorie und der Sprachwissenschaft*, Weimar: Böhlau, 1863, heimfærir Schleicher meðal annars kenningar Darwins á þróun tungumála. Almennt um samhengi náttúru- og málvísinda á 19. öld, sjá Anna Morpurgo Davies, *History of Linguistics. Volume IV*, bls. 83–97; Brigitte Nerlich, *Change in Language. Whitney, Breal and Wegener*, London: Routledge, 1990, bls. 37–49.

¹² Brigitte Nerlich, *Semantic Theories in Europe, 1830–1930. From etymology to contextuality*, Amsterdam: John Benjamins, 1992, bls. 53–66, 73–79; Anna Morpurgo Davies, *History of Linguistics. Volume IV*, bls. 201–207.

í málnotkun einstaklinga sem afvaka málbreytinga.¹³ Um og eftir aldamótin 1900 voru slíkar raddir orðnar háværari en eftir sem áður lá allur þungi málfræðiiðkana í samanburðarrannsóknnum þar sem menn kepptust við að rekja orðsifjar og endurgera horfin fornmaal samkvæmt nýlega uppgötvuðum hljóðlögumálum. Líklega hafa þó margir málfræðingar látið sér spurninguna um uppruna mannamáls og orsakir þróunar þess í léttu rúmi liggja, slíkar vangaveltur kölluðu þýskir samanburðarmálfræðingar *Sprachphilosophie* og töldu þær vart koma sér við.¹⁴

Hvar skyldi svo málfræðingurinn Þórbergur Þórðarson standa gagnvart þessum álitamálum? Einu ritin sem eftir hann liggja og beinlínis mætti kenna við málfræði eru annars vegar *Leiðarvísir um orðasöfnun* (1922) og *Alþjóðamál og málleysur* (1933) en mál og málfræði kemur við sögu í fleiri verkum, nefna má stílfræðiritgerðina „Einum kennt – öðrum bent“ (1944) og *Sálminn um blómið* (1954–55) sem er öðrum þræðinum athugun á málþroska barns. Að auki er svo að finna á víð og dreif í verkum Þórbergs athugasemdir sem varpa ljósi á viðhorf hans til málfræði.

Þórbergur starfaði um árabil við söfnun orða úr talmáli – og telja má þá iðju hans einn af fyrstu vísunum að Orðabók Háskólans.¹⁵ Meðfram sjálfri söfnuninni samdi hann fyrrnefndan *Leiðarvísi* þar sem hann lýsir rækilega þeim aðferðum sem hann álitur að beita eigi í orðasöfnun af þessu tagi. Þar er lögð ofuráhersla á ítarlega og nákvæma upplýsingaöflun og skráningu, svo minnir helst á lýsingar hans sjálfs á mælinga- og skráningaráráttu ofvitans í Suðursveit. Það þarf því ekki að efast um að Þórbergur leit svo á að málfræði og málsaga yrði að byggjast á ítarlegri og nákvæmri gagnaöflun úr máli samtímans – þar var hann á sama róli og ungmálfræðingarnir þýsku sem vissulega litu til empírískra aðferða náttúruvísindanna sem fyrirmyndar.¹⁶ En það er öllu hæpnara að hugmyndir Þórbergs um tungumálið hafi átt meira sam-

¹³ Þar má nefna Bandaríkjamanninn William Dwight Whitney, Frakkann Michael Bréal og Þjóðverjann Philipp Wegener, sjá bók Brigitte Nerlich, *Change in Language*, sem fjallar um þessa þrjá málfræðinga.

¹⁴ Brigitte Nerlich, *Change in Language*, bls. 9–10.

¹⁵ Guðrún Kvaran, „Söfnun Þórbergs Þórðarsonar úr mæltu máli“, bls. 162–165; sama, „Sérsöfn Orðabókar Háskólans“, *Orð og tunga* 1/1988, bls. 51–64, hér bls. 57–60.

¹⁶ Ungmálfræðingar (þý. *Junggrammatiker*) voru hópur þýskra samanburðarmálfræðinga undir lok 19. aldar sem lögðu meðal annars áherslu á að hljóðbreytingar væru almennar og undantekningalausar og settu sögulegri málfræði strangari aðferðafræði en áður hafði tíðkast, hún yrði til að mynda að byggjast á traustum heimildum um raunverulega málnotkun. Sjá til dæmis Anna Morpurgo Davies, *History of Linguistics. Volume IV*, bls. 226–278.

eiginlegt með þeim sem vildu gera málfræði að náttúruvísindum. Líklegt má telja að áhugi hans á þjóðfræði og menningarsögu hafi átt drjúgan þátt í því hve mikla áherslu hann leggur á „vísindalega“ skráningu og fullvíst er að Þórbergur leit ekki svo á að þróun tungumála réðist af „blindum“ náttúru-lögmálum sem einstaklingar hefðu engin áhrif á. Þetta má fullyrða í krafti ummæla sem hann lætur falla í greininni „Nýtt skilningarvit“ sem birtist í *Alþýðublaðinu* í desember 1926 og janúar 1927 og birta skýra sýn á þróun tungumála og orsakir málbreytinga:

Hin mæltu mál mannkynsins eru að miklu leyti til orðin af blindum tilviljunum. Þau eru samsafn af steinaldarleikföngum villimanna og listasmíðum fárra vitringa, sem hafa gert heiminn ruglaðan með því að hugsa. [...]

Öll málfræði hinna mæltu mála er moldviðri af tilviljunum og tiktúrum hinna heimskustu, sem málin mæla, því að hinir vitrari bera orðin að jafnaði „rétt“ fram, „tala rétt mál“, sem svo er kallað.¹⁷

Þórbergur tekur síðan kostulegt dæmi um það hvernig nýjungar verða til – og ekki er laust við að þessi útlistun tali beint inn í málvöndunar- og máls-pjallaumræðu samtímans:

Eitt sinn fann einhver íslenzkur einfeldningur upp á því að segja: mér langar í meira dillkakjöt; honum dreymdi, að hann væri að éta sýlspekaðan makka af nýafslegnu stóðhrossi vestan undan Snæfellsnesjökli; heyrðu mér, hvalur rak norður í Grunnuvík við Ísafjarðardjúp. Enn þá teljum við slíkar „tilviljanir“ málvillur, og íslenzkukennarar munu leiðrétta þær í stílum nemenda sinna, þótt flestar þeirra séu orðnar sorglega algengar í mæltu máli.

En hvað stendur það lengi? Eftir eina öld verða þessar tilviljanir einfeldningsins orðnar fastar málvenjur um þvert og endilangt Ísland, málvenjur sem hermihneigð þekkingarskortsins og vald vanans hafa þá skapað löghelguð réttindi í vandaðri ræðu og riti.¹⁸

Alþýðublaðsgreinin er rituð til að sannfæra lesendur um yfirburði esperanto yfir „hin mæltu mál mannkynsins“ en hér fer ekki milli mála að höfundurinn

¹⁷ Þórbergur Þórðarson, „Nýtt skilningarvit“, *Ýmislegar ritgerðir I*, Reykjavík: Mál og menning, 1983, bls. 76–101, hér bls. 77. Greinin birtist upphaflega í *Alþýðublaðinu* í sex hlutum 15., 16, og 28. desember 1926 og 4., 21. og 22. janúar 1927.

¹⁸ Sama stað, bls. 77–78.

lítur svo á að tungumál breytist fyrir tilverknað einstaklinganna sem tala það og skrifa en ekki af völdum náttúrulegra eða málfræðilegra lögmála.

Það vekur athygli hve Þórbergur er afdráttarlaus um þetta efni, hann hefur enga fyrirvara á því að einstaklingur geti með málnotkun sinni orðið til þess að breyta málinu. Hér setur hann málbreytingarnar reyndar í samhengi við ofurvald heimskunnar í heiminum, sem honum verður tíðrætt um í *Bréfi til Láru* og fleiri ritum, málinu hnignar fyrir tilverknað „hinna heimskustu sem málin mæla“. Á hinn bóginn hlýtur þessi afstaða líka að fela í sér trú á því að „hinir vitrari“ geti kallað fram breytingar og rutt nýja slóð þótt barátta þeirra gegn „hermihneigð þekkingarskortsins“ virðist stundum heldur torsótt. Þegar Þórbergur skrifar fyrrnefnda grein er *Bréf til Láru* nýlega komið út og leiða má líkur að því að eitt af markmiðum þeirrar bókar hafi einmitt verið að stuðla að breytingum á íslensku máli, nánar tiltekið á íslensku ritmáli, íslenskum bókmenntum. Í *Bréfinu* segir Þórbergur:

Oss vantar [...] menn með skýrt markað einstaklingseðli, menn, sem hafa siðferðisþrek til að lifa frjálsir og óháðir samabyrgð almenningar heimsku. [...] Oss vantar tilbreytingu í hið sviplausa þjóðlíf vort og bókmentir.¹⁹

Varla þarf að efast um að Þórbergur taldi sig vera slíkan mann, ætlun hans var að vera byltingarmaður í bókmenntum, endurnýja „sviplausa“ bókmenntahefð samtímans. Síðar segir hann um ritverk sín: „Bréf til Láru, Íslenzkur aðall og að nokkru leyti Pistilinn skrifaði ... eru eina nýjung sem komið hefur fram í íslenskum bókmenntum síðastliðin 100 ár.“²⁰

Í ritum sínum verður Þórbergi ekki tíðrætt um erlenda málfræðinga eða kenningar þeirra. Í bók hans um esperanto, *Alþjóðamál og málleysur*, tekur hann þó allmarga málfræðinga til vitnis um ágæti alþjóðamálsins. Þar má nefna Max Müller prófessor í Oxford, sem ekki var síður þekktur sem sérfræðingur í indverskum trúarbrögðum, en útgefnir alþýðufyrirlestrar hans nutu mikillar hylli í Bretlandi og víðar og mikið til hans vitnað.²¹ Annar mál-

¹⁹ Þórbergur Þórðarson, *Bréf til Láru*, Reykjavík: Mál og menning, 1950, bls. 121.

²⁰ Þórbergur Þórðarson, *Meistarar og lærisveinar*, bls. 101.

²¹ F. Max Müller, *Lectures on the Science of Language*, London: Longman, Green, Longman og Roberts, 1862–4. Til gamans skal nefnt að Müller er einn þriggja samamburðarmálfræðinga sem Saussure telur ástæðu til að veita sérstaka athygli enda hafi hann gert samamburðarmálfræðina aðgengilega almenningi. Sjá Ferdinand de Saussure, *Course in General Linguistics*, ritstjórar Charles Bally og Alberts Sechehay í samvinnu við Albert Riedlinger, þýðing, inngangsorð og athugasemdir eftir Wade Baskin, New York, Toronto og London: McGraw-Hill Book Company, 1959, bls. 3.

fræðingur sem Þórbergur vitnaði stundum til var Daninn Otto Jespersen sem lengst af var prófessor í ensku við Hafnarháskóla. Jespersen var esperantisti um skeið en gerðist síðar handgenginn Ido, öðru planmáli, sprottnu af esperanto, og setti loks saman sitt eigið mál, Novial, sem náði þó ekki útbreiðslu.

Ýmislegt bendir til þess að Þórbergur hafi haft mætur á Jespersen og málfræðihugmyndum hans. Hann átti rit eftir Jespersen og í *Alþjóðamálum og málleysum* getur hann þess að hafa átt í bréfaskriftum við hann – þrátt fyrir að Jespersen hafi verið eins konar „svikari“ við málstað esperanto.²² Í bók Jespersens, *Mankind, Nation and Individual from a Linguistic Point of View*,²³ sem stundum er talin meðal þeirra rita sem marka upphaf félagslegra málvísinda, leggur hann mikla áherslu á hlutverk einstaklingsins, hvers einstaks málnotanda, í þróun tungumála. Hann andæfir kröftuglega hverskonar hugmyndum um sameiginlegan þjóðaranda eða -vitund sem ráði úrslitum um málþróun án þess að einstaklingar geti rönd við reist. Jespersen setur meira að segja ofan í við sjálfan Ferdinand de Saussure fyrir að vera of hallur undir slíkar hugmyndir í einstrengingslegri aðgreiningu sinni milli málbeitingar (fr. *parole*) og málkerfis (fr. *langue*). Jespersen gerir allítarlega grein fyrir meginatriðum í kenningum Saussures en segir síðan:

Í aðgreiningunni á milli ‚málbeitingar‘ og ‚málkerfis‘ sé ég ekkert annað en nokkurs konar afbrigði af kenningunni um ‚þjóðarhuga‘ eða ‚huga fjöldans‘ eða ‚hjarðhuga‘ sem myndi andstæðu við huga einstaklingsins og er settur skör herra en hann, kenningu sem er að finna í ritum ýmissa þýskra rannsakenda [...]²⁴

Jespersen bætir svo við að hugmyndir sem þessar séu af ámóta miklu viti og að setja fram kenningu um almanna- eða þjóðmaga til að skýra þá staðreynd að matvæli og ólyfjan hafa svipuð áhrif á alla. Hann heldur svo áfram:

²² Þórbergur Þórðarson, *Alþjóðamál og málleysur*, Reykjavík: Bókadeild Menningar-sjóðs, 1933, bls. 45–46.

²³ Otto Jespersen, *Mankind, Nation and Individual from a Linguistic Point of View*, Oslo: H. Aschehoug, 1925.

²⁴ Otto Jespersen, *Mankind, Nation and Individual*, bls. 17 (þýðing okkar, hér og annars staðar í greininni ef þýðanda er ekki sérstaklega getið). Á ensku: „In the distinction drawn between ‘Speech’ and ‘Language’, I can see nothing but a sort of transformation of the theory of a ‘folk-mind’ or ‘collective mind’ or ‘herd-mind’, as opposed to and exalted above the individual mind, a theory which is found in various German investigators [...]“. Hér á Jespersen væntanlega við þýska fræðimenn á borð við málvísindamanninn Heymann Steinthal og sálfræðinginn Wilhelm Wundt sem stóðu ásamt fleirum að tímaritinu *Zeitschrift für Völkerpsychologie und Sprachwissenschaft* og aðhylltust báðir kenningar um almenn (einkum sálfræðileg) lögmál sem réðu þróun tungumála.

Þegar Saussure segir að *la parole* sé ævinlega á valdi einstaklingsins en hann geti hvorki búið til né breytt *la langue*, er það fáránlega orðum aukið. Sannleikurinn er sá að einstaklingurinn *getur* búið til eitthvað nýtt sem hefur áhrif á tungumálið, á tungumál samfélagsins alls. Það er auðvitað á þennan hátt sem allar þær fjölmörgu nýmyndanir og ummyndanir sem sífellt eru að stinga upp kollinum verða til.²⁵

Þórbergur Þórðarson átti þessa bók Jespersens²⁶ og ekki er örgrannt um að þarna megi greina samhljóm með hugmyndum þeirra Þórbergs um tungumál, einstakling og samfélag, þótt ekki sé hægt að fullyrða að hann hafi verið búinn að lesa rit Jespersens þegar hann skrifaði fyrrnefnda grein í *Alþýðublaðið* árið 1926, árið eftir að bókin kom út.

Það er reyndar fleira í ritum Jespersens sem leiðir hugann að viðhorfum og áhugamálum Þórbergs þegar kemur að tungumálinu. Nefna má að í fyrrnefndri bók, *Mankind, Nation and Individual*, ver Jespersen miklu rými í að ræða barnamál, leiki barna (og fullorðinna) með tungumálið og áhrif hvors tveggja á þróun máls. Sama er raunar að segja um bókina *Language* sem jafnan er talin höfuðrit Jespersens og kom út nokkrum árum fyrr.²⁷ Þessar áherslur danska málfræðingsins minna óneitanlega á viðfangsefni Þórbergs í *Sálminum um blómið* og Suðursveitarbókunum.

Lífssýn Þórbergs Þórðarsonar mótaðist mjög af guðspeki og austrænum fræðum ásamt sósíalískum stjórnmálaskoðunum og hugmyndum um bræðralag alls mannkyns. Áhugi hans á alþjóðlega tungumálinu esperanto er eðlilegur og rökréttur þáttur í lífsskoðun hans, hlutverk þess var ekki síst að sameina alla menn á jafnréttisgrundvelli, brjóta niður þjóðernismúra og mynda mótvægi gegn valdapólitík stórvelda.²⁸ Rit Þórbergs um esperanto,

²⁵ Otto Jespersen, *Mankind, Nation and Individual*, bls. 17. Á ensku: „When Saussure says that the individual is always master over ‘la parole’, while he can neither make nor change ‘la langue’, this is a monstrous exaggeration. The individual, as a matter of fact, *can* make something new which has influence on the language, on the language of the whole community. This is of course the way in which the countless new formations and transformations which actually show themselves in the language come about.“

²⁶ Dönsk útgáfa hennar, *Menneskehed, nasjon og individ i sproget*, sem kom út samhliða ensku útgáfunni er meðal bóka úr eigu Þórbergs sem Landsbókasafn Íslands fékk að gjöf.

²⁷ Otto Jespersen, *Language. Its Nature, Development and Origin*, London: George Allen and Unwin, 1922.

²⁸ Um lífsafstöðu Þórbergs, sjá Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Að predika dýraverndun fyrir soltnum hýenum“, *Ritið* 1/2017, bls. 9–52.

Alþjóðamál og málleysur; fjallar auðvitað um tungumál en getur þó varla kallast málfræðirit. Það er fyrst og fremst áróðursrit fyrir alþjóðamálinu en rökin sem færð eru fyrir ágæti þess eru sjaldnast málfræðileg, miklu heldur pólitísk og hagnýtisrök. Í ritinu er þó komið nokkuð inn á almennar hugmyndir um eðli og þróun tungumála, ekki síst spurninguna um áhrif einstaklinga á málþróun, líkt og í riti Jespersens sem vitnað er til hér að framan. Í kafla þar sem Þórbergur tekur til umræðu þá mótbáru gegn gildi esperanto að það sé tilbúið mál en ekki náttúrulegt, rifjar hann upp rómantískar hugmyndir um uppruna og gildi þjóðtungna – að þær séu sköpunarverk „fólksins“ á sama hátt og þjóðsögur og fornkvæði. Þessu hafnar Þórbergur og rekur dæmi um bókmenntir sem áður hafi verið taldar uppfinning „fjöldans“ en komið hafi á daginn að þær væru „tilbúingur“ einstaklinga. Á sama hátt sé fjölmargt í náttúrulegum málum sem megi rekja til meðvitaðrar viðleitni einstaklinga. Um það vísar hann til alþjóðafþings málvísindamanna sem haldið var í Genf árið 1931 þar sem einkum hafi verið fjallað um „hvaða hlutdeild viljinn og vitundin ættu í þróun málanna“.²⁹ Og þá kemur prófessor Jespersen enn við sögu því Þórbergur vitnar í ræðu hans á þinginu:

Hann undirstrikaði það sérstaklega, að hingað til hefðu mála-mennirnir gefið allt of lítinn gaum að hinni meðvitandi og fyrir-huguðu viðleitni í þróun svonefndra náttúrumála og hefðu um of vanhirt að taka virkan þátt í slíkum störfum.³⁰

Þá rekur Þórbergur aragrúa dæma um það hvernig einstaklingar hafa orðið upphafsmenn nýmæla í tungumálum, ekki síst úr íslensku og segir að því loknu:

Ég þykist hafa vakið hér máls á mjög merkilegu viðfangsefni: *ábrifum hinnar meðvitandi skynsemi á þróun málsins* [...] Ég vona, að íslenzkir málamenn láti sig framvegis þetta efni meira máli skipta en bókmenntir vorar hafa borið þeim vitni um hingað til. Það yrði viðgangi „íslenzkrar menningar“ ólíkt meiri styrkur en þrotlaus heilabrot um löngu dauða menn, dauðar ættir, dauðan vísdóm, dauða heimsku.³¹

²⁹ Þórbergur Þórðarson, *Alþjóðamál og málleysur*, Reykjavík: Bókadeild Menningar-sjóðs, bls. 283–284.

³⁰ Sama stað.

³¹ Sama rit, bls. 321.

Það kann að orka undarlega á nútímafólk hve Þórbergi og Jespersen er mikið niðri fyrir í umræðunni um rætur málbreytinga en þar er rétt að hafa í huga að trúlega eru deilur um þessi efni öðrum þræðinum liður í þeirri hugmyndabaráttu sem setti svip sinn á fjórða áratug 20. aldar. Alþjóðahyggjumenn, þar á meðal esperantistar og aðrir alþjóðamálsinnar eins og Þórbergur og Jespersen, andæfðu af hörku vaxandi þjóðernishyggju í Evrópu sem sótti meðal annars rök til hugmynda um ólíkt „eðli“, skapferli og hugarfar einstakra þjóða – sem menn þóttust sjá merki um í þjóðtungum og þróun þeirra.³²

Í *Eddu* Þórbergs er að finna alllanga frásögn undir yfirskriftinni „Tumma Kukka“³³ sem segja má að snúist um málfræði, þótt „uppgötvanirnar“ sem þar eru kynntar séu ekki ýkja traust vísindi. Meginefni þáttarins eru kátlegar vangaveltur Þórbergs um uppruna og merkingu finnskra orða sem urðu á vegi hans er hann staldraði við í Helsinki „frá kl. 2.42 til 11.20 síðdegis“ á leið sinni til Sovétríkjanna sumarið 1934. Hann kann auðvitað enga finnsku en skýrir allt út frá íslensku, fornri og nýrri, af talsverðum lærdómi og dregur óspart ályktanir um sögu og menningu Finna út frá skýringunum. Sem dæmi um orðskýringarnar má taka eftirfarandi klausu:

Ég hallaðist helzt að þeirri skoðun, að Suomi væri samsett orð og samsetningarliðirnir væru *su* og *omi*. *Su* virtist mér vera frum-norræni stofn kvenkynsorðsins *suz*, sem síðar r-hljóðverptist í *sýr* = gylta (eigarfall flt. súa). Merking síðari liðarins, *omi* var mér aftur a móti óljósari. Þó sýndist mér það skýrt, að *omi* væri fornnorrænt orð og veik mynd af orðinu *ómur* = hljómur, hávaði. En þessa veiku orðmynd mátti skýra á tvo vegu. Í fyrsta lagi gat hún verið gamla Óðinsheitið Ómi og *Suomi* í því tilfelli verið ævaforð kenn-ing með [n]afnorðsmerkingu og táknað þann Óma (Óðinn), sem gætir svína, svínahirði. Síðan hafi það orðið heiti á landinu. [...] Svínarækt hefur sennilega verið mikil í Finnlandi til forna.³⁴

³² Hugmyndir af þessu tagi voru ekki síst sóttar til þýsku heimspekinganna Johanns Gottfrieds Herder (1744–1803) og Johanns Gottliebs Fichte (1762–1814). Sjá til dæmis Alan Patten, „The Most Natural State”. Herder and Nationalism“. *History of Political Thought* 4/2010, bls. 657–689; Arash Abizadeh, „Was Fichte an ethnic nationalist? On cultural nationalism and its double“, *History of Political Thought* 2/2005, bls. 334–359.

³³ Þórbergur Þórðarson, *Edda Þórbergs Þórðarsonar*, bls. 174–188.

³⁴ Sama rit, bls. 178.

Hér er ekki sparaður málsögulærdómur þótt inntakið sé tómt grín og eru aðrar skýringar í sama anda. Þessi orðsifjaleiðangur heldur síðan áfram með viðkomu á Spáni (*Guadalajara* < Goðdala-Jara) og víðar uns hann nær hámarki er sögumaður kemur í búðarglugga auga á bók sem ber titilinn *Tumma Kukka*. Hann ákveður á augabragði að þetta muni vera kvenmannsnafn og sér í einni sjónhending fyrir sér harmrænan æviferil konunnar sem nafnið ber. Hann verður um leið heltekinn af áhuga á æfi og afdrifum Tummu Kukku alla Sovétferðina uns kenningin hrynur til grunna er hann hittir á heimleiðinni esperantista í Helsinki sem tjáir honum að bókartitillinn merki einfaldlega „svartleita blómið“. Allur þátturinn er svo eins konar inngangur og skýring á kvæði um Tummu Kukku, það er fyrra erindi þess (það síðara var aldrei ort). Það má geta þess til gamans, þótt það breyti litlu fyrir þáttinn um Tummu Kukku, að líklega var bókin í búðarglugganum finnsk þýðing á skáldsögunni *The Dark Flower* eftir John Galsworthy sem kom einmitt út 1932 undir titlinum *Tumma Kukka*.³⁵

Ekki þarf að efast um það að frásögnin af Tummu Kukku og finnsk-íslenskum orðsifjum er fyrst og fremst „meinlaust grín“. Þó kann að leynast þar fínlegur broddur, til þess benda einkum ummæli Þórbergs í neðanmálgrein við þáttinn:


Ég hef lengi furðað mig á því að fræðimenn og ættjarðarelskendur, sem haldið hafa og halda á lofti mikilleik norrænnar menningar, skuli ekki hafa komið auga á það, hvernig áhrif hennar hafa fyrr á öldum teygt sig svo að segja út um allan heim.³⁶

Hann bætir svo við, eins og til sannindamerkis, forníslenskri upprunaskýringu á nafni japansks ráðherra (*Matsuoka* < mat sú jók a(t) = sú jók ekki mat, matarspillir) og heldur svo áfram:

Ég held það yrði mun áhrifameira fyrir verndun þjóðernisins og andsaurlifnaðaráróðurinn að upplýsa fólk um þennan forna mikil-

³⁵ Sjá vef finnska landsbókasafnsins: <https://kansalliskirjasto.finna.fi/Record/va-ari.168586>. *Tumma Kukka* virðist hafa notið vinsælda í Finnlandi því sagan var endurprentuð í kilju 1936. Saga Galsworthys kom síðar út í íslenskri þýðingu Andrésar Björnssonar undir titlinum *Svart blóm* 1957. Getu má þess að sá sem fyrstur varð til þess að þýða sögur eftir John Galsworthy á íslensku var Bogi Ólafsson menntaskólakennari en tvær smásögur í þýðingu hans birtust í safnríttinu *Sögur frá ýmsum löndum* 2, 1933. Bogi skrifaði ritdóm um *Alþjóðamál og málleysur* sem Þórbergur svaraði: „Svona á ekki að skrifa ritdóma“, *Iðunn – nýr flokkur* 3/1934, bls. 179–203.

³⁶ Þórbergur Þórðarson, *Edda Þórbergs Þórðarsonar*, bls. 179.



The Dark Flower eftir John Galsworthy kom fyrst út í finnskri þýðingu árið 1932 undir titlinum *Tumma Kukka*. Til hægri er kiljuútgáfa frá 1936 með litprentaðri kápumynd.

leik tungu vorrar helduren að útjaska þjóðhollustukröftum sínum í blindu bölsóti yfir máli, það er kommusetningu meistarans H. K. L.³⁷

Hér er Þórbergur augljóslega að sveigja að þjóðernisrembingi og beinir um leið spjótum að þeim sem býsnuðust yfir réttritun Halldórs Laxness.³⁸ Á hinn bóginn er hægt að velta því fyrir sér hvort aðferðin sem Þórbergur beitir í skopinu, að setja fram fráleitir upprunaskýringar á tungumáli sem hann kann ekkert í og draga af þeim ályktanir, bendi á einhverja ætlaða skotspæni. Orðsifjaspaug Þórbergs getur leitt hugann að iðju sumra samamburðarmálfræðinga á seinni hluta 19. aldar þegar menn endurgerðu í gríð og erg indóevrópska frummálið (þý. *Ursprache*), oft nokkuð glæfralega (August

³⁷ Sama stað.

³⁸ Þeir voru ýmsir á þessum tíma, til dæmis ályktaði stjórn Kennarafélags Suður-Pingeyinga um málið og fleiri barnakennarar út um land létu í sér heyra, auk manns sem skrifaði grein í *Morgunblaðið* 16. nóvember 1940 undir dulnefnum X, en Halldór taldi Ólaf Friðriksson vera höfundinn og svaraði af hörku. Sjá Halldór Kiljan Laxness, „Málið. Nokkrar athugasemdir“, *Tímarit Máls og menningar* 2/1941, bls. 108–130.

Schleicher gekk til dæmis svo langt að skrifa smásögu á indóevrópsku), og freistuðu þess jafnvel að endurgera trúarbrögð og menningu indóevrópumannanna út frá endurgerðum rótum tungumálsins (þar var áður nefndur Max Müller framarlega í flokki).³⁹ Þó er kannski nærtækara að líta til skrifa ýmissa íslenskra manna sem fóru heldur frjálsglega með uppruna og skyldleika orða og tungumála í skrifum á fyrri hluta 20. aldar. Hér skulu tveir nefndir til sögu.⁴⁰

Undir lok fjórða áratugarins komust mjög í hárnæli hérlendis kenningar Bretans Adams Rutherford sem setti fram mikla spádóma er hann sagði byggjast á hlutföllum og afstöðu pýramídanna í Egyptalandi. Ástæðan var ekki síst sú að samkvæmt spádómum Rutherfords var Íslandi ætlað sérstakt foystuhlutverk í heiminum, enda væru Íslendingar í rauninni hin týnda ættkvísl Ísraels, afkomendur Benjamíns Jakobssonar. Ýmsir málsmetandi menn á Íslandi tóku Rutherford og kenningar hans upp á sína arma, bæklingur eftir hann kom út í íslenskri þýðingu⁴¹ og sjálfur kom hann til Íslands 1939, hélt fyrirlestra í Reykjavík og talaði í útvarpið.⁴² Einn af þeim sem heillaðist af spádómum Rutherfords var roskinn prestur í Árnessýslu, séra Guðmundur Einarsson (1877–1948) á Mosfelli í Grímsnesi. Hann lét sér ekki nægja að fagna spádómum um arfleifð Íslendinga heldur tók sér fyrir hendur að skjóta fleiri stoðum undir þá með því að draga fram hebreskan uppruna íslenskra orða, einkum sérnafna.⁴³ Ekki mun sú orðsifjafræði hafa staðið á traustum grunni. Annar Íslendingur sem tók undir kenningar Rutherfords var dr. Helgi Þjeturss (1872–1949), sem sannarlega hafði haldið á lofti

³⁹ Sjá Anna Morpurgo Davies, *History of Linguistics. Volume IV*, bls. 167–176.

⁴⁰ Auk þeirra tveggja sem hér eru nefndir til sögu kynni einhverjum að verða hugsað til Alexanders Jóhannessonar, eins af kennurum Þórbergs í Háskólanum, og kenninga hans um uppruna mannlegs máls og mál frumanna þar sem óspart er vísað til dæma úr tungumálum sem efast má um að höfundurinn hafi verið vel heima í, svo sem frumkínversku og pólýnesísku. Rit Alexanders um þessi efni komu þó ekki út fyrr en á 5. og 6. áratugnum, eftir að þátturinn um Tummu Kukku var ritaður.

⁴¹ Adam Rutherford, *Hin mikla arfleifð Íslands*, Reykjavík: Snæbjörn Jónsson. 1937. Önnur útgáfa, aukin, kom út árið 1939.

⁴² Erindinu var útvarpað 2. júní 1939 og hófst á ávarpsorðum Rutherfords sjálfs (á ensku). Það var svo ekki minni maður en sr. Bjarni Jónsson vígslubiskup sem flutti íslenska þýðingu á erindi Rutherfords, samanber. „Dagbók. Útvarpið“, *Morgunblaðið*, 2. júní 1939, bls. 7.

⁴³ Guðmundur Einarsson, „Erum við Íslendingar af Benjamíns-ættkvísl?“, *Vikan* 27/1940, bls. 3; 28/1940, bls. 12; 29/1940, bls. 12; 30/1940, bls. 12. Sjá einnig Guðmundur Einarsson, „Áhrif hebresku á íslenska tungu“, *Eimreiðin* 2/1941, bls. 166–175; sami, „Um uppruna Ásaheita“, *Eimreiðin* 4/1941, bls. 381–389.

„mikilleik norrænnar menningar“ í ræðu og riti. Hann skrifaði meðal annars fjölda greina í *Morgunblaðið*, *Vísir* og *Fálkann* undir lok fjórða áratugarins þar sem hann fagnaði niðurstöðum Rutherford's um háleitt hlutverk Íslendinga í mannkynssögunni og kvaðst hafa komist að sömu niðurstöðum sjálfur eftir öðrum leiðum.⁴⁴ Helga var reyndar vandi á höndum gagnvart Benjamíníta-kenningu Rutherford's því honum var lítt gefið um gyðinga og kaus að leiða hjá sér þann hluta spádómsins en einblína á meint forystuhlutverk Íslendinga. Ekki greip Helgi til neinnar orðsifjafræði í þessu samhengi, en á öðrum áratug aldarinnar hafði hann stundum komist á flug í orðskýringum, meðal annars á latínu, sanskrít og fornri þýsku, þar sem íslenska var lögð til grundvallar. Til dæmis um það sem þar var borið á borð má taka eftirfarandi klauðu úr grein í *Ísafold* árið 1912:

Íslenzkan er runnin upp suður í Himalaya eða Himinfjöllum, og án þekkingar á íslenzku, betri þekkingar á íslenzku, en jafnvel þýzkir fræðimenn hafa aflað sér hingað til, geta menn ekki áttað sig eins og þarf, á Sansskrit og og hinni fornhelgu speki Indverja; ef til vill ekki einu sinni Indverjar sjálfir [...].⁴⁵

Á hinn bóginn má skoða skopfærslu Þórbergs á orðsifjum og samanburðarmálfræði frá almennara sjónarhorni. Hér er viðfangsefnið auðvitað orð og merking þeirra, eða öllu heldur ástæður og tildrög þess að tiltekið orð merkir eitt fremur en annað. Svo sem kunnugt er lagði Ferdinand de Saussure áherslu á að merking orða réðist af viðtekinni venju en ekki af röktengslum milli orðs og merkingar. Þó má ekki gleyma því að merking orða rís að nokkru leyti af túlkun einstaklinga og þá skiptir ímyndunaraflið ekki litlu. Segja má að í orðskýringunum í þættinum af Tummu Kukku sé Þórbergur kominn á svipaðar slóðir og höfundur *Lísu í Undralandi* á sínum tíma – þótt aðferðir hans séu aðrar. Í seinni bókinni um Lísu, *Gegnum spegilinn*, er talið að Lewis Carroll láti Humpty Dumpty – eða Bogga bumbu eins og hann

⁴⁴ Sjá til dæmis Helgi Pjeturss, „Ljósíð frá Íslandi. Enskur Íslendingavinur og íslensk framtíð“, *Fálkinn* 2. október 1937, bls. 8; sami, „Ljóssins borg“, *Vísir*, 18. október 1937, bls. 3; sami, „Íslenskt þjóðarhlutverk. Adam Rutherford og Halldór K. Laxness“, *Morgunblaðið*, 30. janúar 1940, bls. 4.

⁴⁵ Helgi Pjeturss, „Greinar XII. Sannara um sannskri(ft)“, *Ísafold*, 23. október 1912, bls. 254–255. Sjá einnig Helgi Pjeturss, „Fáfnir og forn þýzka“, *Skírnir* 1916, bls. 431–435; sami, „Greinar XI. Hamar Þórs“, *Ísafold*, 5. október 1912, bls. 239–240. Nefnt skal að Benedikt Hjartarson hefur fjallað um höfuðrit Helga, *Nýjal*, sjá „Magan af annarlegu viti“. Um strangvísindalega dulspeki Helga Pjeturss“, *Ritið* 1/2017, bls. 113–173.

nefnist í íslensku þýðingunni – skopstæla margnefndan Max Müller prófessor í Oxford.⁴⁶ Í samtali við Lísu segir Boggi bumba meðal annars: „Þegar ég nota eitthvert orð [...] þá þýðir það nákvæmlega það, sem ég ákveð, að það þýði – hvorki meira né minna.“⁴⁷

Hvernig rýkur reykurinn?

Hafi Þórbergur haft skýra sérstöðu sem málfræðingur á fyrsta hluta 20. aldar, þróaði hann líka sína sérstæðu „táknfræði“ (e. *semiotics*) í frásögnum sínum. Hún markast af kynnum hans af guðspekinni og austrænum fræðum ekki síður en annað í skrifum hans; í þessu hefti *Ritsins* eru þrjár greinar sem tengjast því efni svo að óþarfi er að hafa mörg almenn orð um það.⁴⁸ En táknfræði Þórbergs er einnig nátengd málfræðihugmyndum hans, til að mynda hugmyndinni um að einstaklingar geti haft áhrif á málþróun. Skilning skáldsins mætti kenna við víða táknfræði; hún setur ekki frekast manlegt mál á oddinn heldur leggur áherslu á að það sé aðeins eitt af mörgum táknkerfum í veröldinni. Til marks um það má hafa svofelld orð sem sótt eru í *Þjóðamál og málleysur*:

⁴⁶ Eins og fyrr segir lagði Müller jöfnum höndum stund á samanburðarmálfræði og trúarbragðafræði, auk þess sem hann stóð fyrir útgáfu og þýðingum á indverskum Veda-ritum og skrifaði alþýðleg rit um hugðarefni sín. Hann var hliðhollur guðspekihreyfingunni framan af ævinni en sneri síðar við henni baki. Um störf hans sem filólógs og trúarbragðafræðings, sjá til dæmis Michael P. Carroll, „Some third thoughts on Max Müller and solar mythology“, *European Journal of Sociology* 2/1985, bls. 263–281.

⁴⁷ Lewis Carroll, *Í gegnum spegilinn og það sem Lísa fann þar*; Valdimar Briem þýddi og skrifaði eftirmála, Reykjavík: Skrudda 2013, bls. 113. Á frummálinu: *Through the Looking-Glass, and What Alice Found There*, London: MacMillan, 1871.

⁴⁸ Hér skal þó minnt á nýleg skrif um guðspeki og austræn fræði, sem komið hafa fyrir manna sjónir og heyrnir, til dæmis Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Að predika dýraverndun fyrir soltnum hýenum“, bls. 9–52; Álfðís Þorleifsdóttir, „Bókin um blekkinguna – Maya í *Íslenskum aðli*“, fyrirlestur á haustþingi Þórbergsseturs 27. október, 2018; Stefán Ágústsson, „Hvílík eilífð er ævi steinsins!“, Dulspeki í verki Þórbergs Þórðarsonar, *Steinarnir tala*“, fyrirlestur á haustþingi Þórbergsseturs 27. október, 2018. Þingið var tekið upp og er upptaka varðveitt í Þórbergssetri. Einnig skulu nefndir tveir fyrirlestrar sem snerust að hluta til um táknskilning Þórbergs, Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Af litlu viti og smáskorinni þekkingu. Um mál- og táknfræðinginn Þórberg Þórðarson“, fyrirlestur á haustþingi Þórbergsseturs 27. október, 2018 og sama, „Even a donkey from Bolivia can fully understand a donkey in Macedonia“. On Þórbergur Þórðarson, his esotericism, socialism and biosemiotics“, The 8th Conference of the International Association of Literary Semantics, Háskóla Íslands, 15. mars 2019.

Málarar, myndhöggvarar og tónsnillingar geta skilið hver annars verk, hvar sem þeir eru staddir á heimskringlunni. Jafnvel asni vestan úr Bólivíu getur skilið fullum fetum nafna sinn austur í Makedóníu. En þeim, sem hefur hlotnast það virðulega hlutskipti að flytja mönnunum heimspeki, skáldskap og vísindi, – þeir eiga ekkert sameiginlegt hjálpartæki til þess að tjá með hugmyndir sínar.⁴⁹

Eins og sjá má leggur Þórbergur til jafns tjáningu þeirra sem styðjast við tungumál og hinna sem styðjast við liti og form eða tóna af ýmsu tagi til að miðla því sem í þeim brýst. En ekki nóg með það. Hann er ekki bara með hugann við menn, heldur líka dýr: Asninn sem rymur, hefur sitt að segja ekki síður en heimspekingar, skáld og vísindamenn.

Á fjórða áratug síðustu aldar þegar Þórbergur lætur þessi orð falla er táknskilningur Saussures – sem leit á mennskt tungumál sem aðaltáknmálið og lagði höfuðáherslu á tákni sem ætlaður var ákveðinn tilgangur – tekinn að ryðja sér til rúms við vestræna háskóla.⁵⁰ Þórbergur tileinkar sér ekki þann skilning – kannski fyrir áhrif frá Jespersen – heldur stendur hann í táknhugmyndum sínum nær bandaríska heimspekingnum Charles Sanders Peirce (1839–1914) en hann hefur verið kallaður faðir táknafræðinnar.⁵¹ Peirce taldi að tákni væri einfaldlega hvaðeina sem túlkað væri svo að það stæði fyrir annað og meira en sjálfst sig í einhverju tilliti eða í krafti einhvers. Það skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða andvarp eins og „Æ, mig verkjar svo“ sem talið er vitnisburður um sársauka; fótspor í sandi sem menn útleggja þannig að ísbjörn hafi gengið á land eða hreyfingar þvotts á snúru sem verða til

⁴⁹ Þórbergur Þórðarson, *Alþjóðamál og málleysur*, bls. 17.

⁵⁰ Sem kunnugt er þekktu menn á 20. öld verk Saussures einungis af glósum nemenda úr fyrirlestur hans og þá ekki síst þeim sem voru teknar saman af Charles Bally og Alberts Sechehay í samvinnu við Albert Riedlinger á árunum 1905–1911. Útgáfa þeirra, Ferdinand de Saussure, *Course in General Linguistics*, kom fyrst út á frönsku 1915. Um táknafræði, sem Saussure nefnir „semiology“, er fjallað á bls. 16–17 og þar er hún talin verða frekast á sviði sálfræði í framtíðinni. Táknskilningur Saussures setti snemma gagnrýni fyrir að vera of þröngur – samanber þekktan fyrirlestur Valentins Voloshinov, [enskt heiti „The newest trends in linguistic thought of the West“] 1928 – og hefur verið kenndur við mannhverfu (e. *anthropocentrism*), sjá Susan Petrilli, „The Critique of Glottocentricism. European Signatures Plenary lecture 9 October 2012“, *11th LASS Congress, Nanjing Normal University, China*, 5.–9. október, 2012, bls. 1–17, hér bls. 1–2, sótt 19. janúar 2020 af <http://www.augustoponzio.com/files/petrilli-plenary-final.pdf>. Um fyrirlestur Voloshinovs og önnur skrif, sjá einnig Sheila Vieira de Camargo Grillo og Ekaterina Volkova Americo, „Valentin Nikolaievitch Voloshinov. Documented Details of his Life and Works“, *Alfa. Revista de Lingüística* 2/2017, bls. 339–367.

⁵¹ Til gamans skal nefnt að móðir táknafræðinnar er Victoria Welby (1837–1912).

þess að fólk segir hvert við annað: „Hann er að snúast í vestanátt.“ Að auki var Peirce þeirrar skoðunar að þegar menn næmu tákni risi annað nýtt upp í huga þeirra og að „hver hugsun gæti af sér aðra“.⁵²

Táknskilningur Peirce gengur vitaskuld þvert á hugmyndir þeirra vísindamanna sem telja að lifandi og dauð náttúra sé bara það sem hún er og geti ekki staðið fyrir neitt annað.⁵³ Og það á ekki síður við um táknskilning Þórbergs. *Steinarnir tala*, fyrsta bindið af minningafrásögn skáldsins um uppvöxt hans í Suðursveit segir frá atburðum seint á nítjándu öld, fæðingu hans sjálfs, drengsins Bergs, og mótun sjálfsins á bernskuárum hans.⁵⁴ Frásögnin er ýmist í þriðju persónu eða fyrstu persónu. Sé um fyrstu persónu frásögn að ræða birtist Þórbergur fullorðinn, sviðsettur sem sögumaður, og lætur lesendur sína einatt upplifa það hvernig Bergur litli veltir vöngum yfir táknum. Litli drengurinn reynist ansi glúrin í táknaðningu. Í huga hans er reykurinn til að mynda ekki bara reykur heldur benditákn (e. *index*) – svo að vísað sé til Peirce.⁵⁵ Fyrir vikið leggur sá stutti niður fyrir sér hvort reykurinn rýkur „glóðarkökulega“, eins og stundum úr eldhúsinu hjá Guðleifu í Gerði; hvort hann breiðir sig um túnið á Hala og spáir „bjartviðri og veðurblíðu daginn eftir“ eða strókar „sig drembilega beint upp í loftið“ þannig að

⁵² Charles Peirce 2.229, hér eftir James Jakób Liszka, *A General Introduction to the Semiotic of Charles Sanders Peirce*, Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press, 1996, bls. 41.

⁵³ Um það efni sjá til dæmis Donald Favareau, „Introduction“, *Essential Readings in Biosemiotics. Anthology and Commentary*, Heidelberg, London og New York: Springer, 2010, bls. 1.

⁵⁴ Margir hafa fjallað um bókina *Steinarnir tala* og flokkað hana á ýmsan veg og fáein dæmi skulu nefnd um það. Pétur Gunnarsson kallar hana – með augum skáldsins – „kennslubók í því hvernig mannlíf getur öðlast ævarandi líf í frásögn“, sjá *ÞP í forbeimskunarlandi*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2009, bls. 179; Atli Antonsson og Gunnþórunn Guðmundsdóttir líta fremur á hana sem endurminningar en ævisögu, sjá „Combrey og Suðursveit. Um minni og þroska í *Steinarnir tala* og *Leiðin til Swann*“, „að skilja undraljós“. *Greinar um Þórberg Þórðarson, verk hans og hugðarefni*, ritstjórar Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Hjalti Snær Ægisson, Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 2010, bls. 60–81, hér bls. 63; Soffía Auður Birgisdóttir tengir Suðursveitarbálkinn bæði sjálfsævisögu og endurminningum, leggur áherslu á skáldaða þáttinn í *Steinarnir tala* og nefnir að bálkinn allan megi einnig tengja héraðs-/svæðisbókmenntum eða staðarbókmenntum, sjá Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég*, bls. 113–115.

⁵⁵ Peirce skipaði táknum í þrjá flokka. Svíptákn (e. *icon*) bera svip af eða líkjast fyrirbærinu sem þau vísa til, svo sem landakort og hljóðgervingar; benditákn (e. *index*) „benda á“ það sem þau vísa til, eins og atviksorðin *þarna* og *hérna*, en sýmból (e. *symbol*) standa fyrir tiltekið fyrirbæri vegna viðtekinnar venju. Í hópi hinn síðasttöldu eru flest tákni í máli.

sýnt sé að framundan sé „dimmviðri og rigning“.⁵⁶ Lesendur geta flissað og hugleitt hvernig reykurinn kunni að haga sér þegar hann rýkur grautarlega eða boðar hagl og hret.

Kýrnar reynast heldur ekki bara kýr þegar lýst er sambýli heimilisfólks á Hala við þær tvær sem búa undir baðstofulofninu. Sparkið í þeim og baulið eru *tákn* sem standa fyrir tiltekna líðan þeirra, eða nákvæmar orðað, *benda til* hennar:

Þó að margt mætti að kúnnum finna, þá höfðu þær talsverða þýðingu fyrir andlega lífið í baðstofunni. Það gerði lífið eins og stærra um sig að vita af þessum lifandi verum nálægt sér. Þær börðu bálkana, þegar þær voru svangar. Það minnti fólkið á þarfir hungraðra. Þær ráku stundum upp þunga stunu með djúpum andardrætti. Það víkkaði lífið, leiddi hugann að einhverjum stærri andardrætti í lífinu. Þegar mál var að mjólka þær á kvöldin, fóru þær að baula. Þá vissi maður hér um bil hvað stjarnan var komin langt, þó að þykkt væri í lofti. (bls. 63)

Útlegging hins fullorðna sögumanns á stunum kúnna – „leiddi hugann að einhverjum stærri andardrætti í lífinu“ – minnir á að hann hefur lagt sig sérstaklega eftir austrænum fræðum. Í Upanishads, Hinum innri fræðum, fornum sanskrítartextum hindúismans, sem eiga margt sameiginlegt með búddisma, er til að mynda talað um „andardrátt lífsins“.⁵⁷ Og þá er skemmtilegt til þess að hugsa að Hin innri fræði eru kannski fyrsta heimildin – sennilega frá 9. öld f. kr. – um að mennirnir horfist í augu við muninn á raunveruleikanum (*Brabman*) og reynslunni af honum (*maya*) sem bæði Peirce og Þórbergur voru uppteknir af.⁵⁸ Við bætist að Peirce hreifst af austrænum fræðum ekki síður en Þórbergur.⁵⁹ Honum hefur reyndar verið lýst sem dul-

⁵⁶ Þórbergur Þórðarson, *Steinarnir tala. Í Suðursveit*, Reykjavík: Mál og menning, 1975, bls. 69. Hér eftir verður vísað í þessa bók með blaðsíðutali einu í meginmáli.

⁵⁷ Sjá til dæmis Sri Aurobindo, *Kenu and other Upanishads*, Upanishads II, Pondy-cherry: Sri Aurobindo Ashram Trust, 2001, bls. 19, 168 og 182.

⁵⁸ Donald Favareau, „Introduction“, bls. 5.

⁵⁹ Um búddisma og ameríska hugsuði, þeirra á meðal Peirce, sjá *Buddhism and American Thinkers*, ritstjóri K. K. Inada og N. P. Jacobson, New York: Suny Press, 1984, t.d. bls. vii, xii, xiii og xvi. Tekið skal fram að heiti eins kaflans í þessari bók „Toward a Buddhisto-Christian Religion“ eftir Charles Hartshorne er tilvitnun í Peirce. Einnig skal nefnt að hið þekktu þrenndarkerfi Peirce hefur verið talið koma einkar vel heim og saman við indverska heimsfræði þar sem þrenndin er lykilatriði, sjá Milton Singer, *Man's Glassy Essence. Explorations in Semiotic Anthropology*, Bloomington: Indiana University Press, 1984, bls. 184.

hyggjumanni sem gekk veg vísindanna til upplýsingar og svipuðum orðum mætti fara um Þórberg.⁶⁰ Hvorugur þeirra var fullsáttur við hugmyndir vísinda samtíma síns um hvernig heimurinn væri skrúfaður saman og því leitust þeir við að finna eigin skýringar á fyrirbærunum.

Enda þótt Peirce hafi gert ráð fyrir að allur heimurinn, þar með talinn hinn ómennski, væri táknfræðilegrar náttúru (e. *semiotic nature*) og táknið væri samtengjandi þáttur jafnt í reynslu mannsins og hugsun sem og í heiminum öllum, er þörf á að kynna annan mann til sögu, vilji maður bera táknskilning Þórbergs að hugmyndasögunni. Það er Eistinn Jakob Johann von Uexküll (1864–1944), sem ásamt Peirce lagði grunninn að því sem bandaríski táknfræðingurinn Thomas Sebeok kallaði seinna *dýratáknfræði* (e. *zoosemiotics*) en þróaði svo með öðrum í svokallaða *líftáknfræði* (e. *biosemiotics*) sem fæst ekki bara við dýr, heldur líka plöntur og örverur og er orðin ansi öflug fræðigrein.⁶¹ Líftáknfræðinni lýsti danski lífefnafræðingurinn Jesper Hoffmeyer (1942–2019) svo:

Eins og ráða má af orðinu líftáknfræði snýst hún um að rannsaka tákneðli þeirra ferla sem verða innan eða á milli lifandi kerfa (frá stakri frumu til heilla lífvera og áfram að stofn- eða vistkerfum).⁶²

Jakob von Uexküll var að langfedgatali kominn af þýskum aðalsmönnum sem höfðu sest að í Eistlandi. Hann var menntaður líffræðingur fékkst við atferlisfræði, bæði í Þýskalandi og á Ítalíu, og lagði sitthvað til taugafræði en var þegar upp er staðið ekki síður heimspekingur. Hann setti fram hugmyndina um *Umwelt*, sem kalla má *skynheim* dýra, árið 1909.⁶³ Hún gerir ráð

⁶⁰ Samanber Søren Brier, „A Peircean Panentheist Scientific Mysticism“, *International Journal of Transpersonal Studies* 1/2008, bls. 20–45, hér bls. 20. Á ensku segir: „It seems fair to characterize him as a mystic whose path to enlightenment is science as a social activity.“

⁶¹ Samanber Timo Maran, Dario Martinelli og Aleksei Turovski, „Readings in Zoosemiotics“, *Readings in Zoosemiotics*, Berlin og Boston: Walter de Gruyter, 2011, bls. 1–18, hér bls. 3.

⁶² Jesper Hoffmeyer, „Introduction. Bateson the Precursor“, *A Legacy to Living Systems. Gregory Bateson as Precursor to Biosemiotics*, ritstjóri Jesper Hoffmeyer, Dordrecht, Heidelberg, London og New York: Springer, 2009, bls. 4. Á ensku segir: „Biosemiotics, as the word says, is concerned with studying the sign-character of the processes that takes [svo] place inside or between living systems (from the single cell to full organisms and further to populational and ecological systems).“

⁶³ Sjá Jakob von Uexküll, *Umwelt und Innenwelt der Tiere*, Berlin: Julius Springer, 1909. Þetta rit endurbætti Uexküll hressilega og Springer gaf það út aftur árið 1921. Tekið skal fram að þýðingin *skynheimur* er Benedikts Hjartarsonar. – Um líf og

fyrir að sérhver dýrategund lifi og hrærist í sérstökum heimi sem sé smíðaður af þeim táknum sem hún getur numið og tjáð. Flugur og ánamaðkar hafa til að mynda allt önnur skynjunartól til að nema tákni og miðla þeim en menn, og handan skynheims slíkra dýra er heimur sem er í ákveðnum skilningi „raunheimurinn“ og þau henda engar reiður á. Uexküll lýsir með þessum orðum því sem gerist ef horfið er frá sýn mannsins eins á veröldina:

Þá hverfur allt sem okkur finnst sjálfsagt: öll náttúran, jörðin, himinninn, stjörnur, já allir hlutir sem umlykja okkur og [...] þá rís upp umhverfis hvert dýr nýr heimur, gjörólíkur okkar, skynheimur þess.⁶⁴

Ekkert bendir til að Þórbergur hafi þekkt til kenninga Uexkülls. Barnabarn líffræðingsins, Jakob von Uexküll yngri, segir um nafna sinn: „Afi var rammihaldssamur“⁶⁵ og óhætt mun að fullyrða að Þórbergi hefðu ekki líkað ýmsar hugmyndir hans. En Uexküll hneigðist til dulspeki og því reyndi hann að skilja veröldina án þess að ganga á hönd hreinræktaðri efnishyggju, rétt eins og Þórbergur og Peirce. Enda þótt Þórbergur hafi ekki þekkt til skyn-

störf Uexkülls hafa Carlo Brentari og Morten Tønnesen meðal annars skrifað, sjá Carlo Brentari, „The Life and Education of Jakob von Uexküll“, *Jakob von Uexküll. The Discovery of the Umwelt between Biosemiotics and Theoretical Biology*, Dordrecht, Heidelberg, New York og London: Springer, 2015, bls. 21–46. Morten Tønnesen, „Introduction. The Relevance of Uexküll’s Umwelt Theory Today“, Carlo Brentari, *Jakob von Uexküll. The Discovery of the Umwelt between Biosemiotics and Theoretical Biology*, bls. 3–5.

⁶⁴ Jakob Johann von Uexküll, *Umwelt und Innenwelt der Tiere*, útgáfu önnuðust Florian Mildenberger og Bernd Herrmann, Berlin og Heidelberg: Springer, 2014, bls. 23. Á þýsku segir: „Damit verschwindet alles, was für uns als selbstverständlich gilt: die ganze Natur, die Erde, der Himmel, die Sterne, ja alle Gegenstände, die uns umgeben, und [...] so ründet sich um jedes Tier eine neue Welt, gänzlich verschieden von der unsrigen, seine Umwelt.“

⁶⁵ Jakob von Uexküll jr., „Jakob von Uexküll and Right Livelihood – the current actuality of his Weltanschauung“, *Σημειωτική-Sign Systems Studies* 1–2/2004, bls. 363–371, hér bls. 365. Vegna andspyrnu Þórbergs við þjóðernishyggju og fasisma skal nefnt að á árunum 1915–1930 mælti Uexküll eldri fyrir mjög þjóðernissinnuðum skoðunum, var í vinfengi við enska heimspekinginn og kynþáttahatarann Houston Stewart Chamberlain og samdi meðal annars greinina „Darwin und die englische Moral“ þar sem hann gagnrýnir siðgæði Engendinga og afgreiðir þingræði sem „stjórn múgsins“, sjá Torsten Rüting, „History and significance of Jakob von Uexküll and of his institute in Hamburg“, *Σημειωτική-Sign Systems Studies* 1–2/2004, bls. 35–72, hér bls. 42–43. Reyndar breyttust pólitískar skoðanir Uexkülls og á fjórða áratugnum snerist hann gegn gyðingaandúð og neitaði til dæmis þýska aðalsmannafélaginu um að staðfesta arískan uppruna sinn.

heimskeninganna virðist hinn sviðsetti sögumaður í *Steinarnir tala* hafa áþekkan skilning og Uexküll í ýmsum lýsingum sínum á náttúrunni – og eigna þær einatt drengnum Bergi. Hafa má það til marks um hvernig hugmyndir geta lifað í tímunum og sett svip sinn á menn á ólíkum stöðum. Guðspekin og austrænu fræðin verða til þess að Þórbergur ætlar dýrunum sál.⁶⁶ En þegar Bergur litli les til dæmis úr andliti kúnna að þær hugsi *um* menn, öfugt við hesta og kindur, og bregðist við í samræmi við það, gengur hann sýnilega útfrá að hver dýrategund eigi sér sinn tákneim. Af ýmsu athæfi kúnna ræður hann líka að þær geti ekki stillt sig um að sýna mönnum sjálfstæði sitt, samanber þessa lýsingu á heimrekstri þeirra:

Stundum stóðu þarna drýli, og þá sagði maður við þær: „Farið þið nú ekki í drýlið!“ En viti menn! Áður en minnst varði vippa þær sér út fyrir götuna og reka hausana í nokkrar drýlur og velta þeim um koll. Svo brugðu ókindurnar á hopp og settu upp rassinn beint framan í mann, og það var auðséð á þeim, hvað þær voru ánægðar með sig [...]. (bls. 111–112)

Frásögnin af hundinum Seppa er líka skýrt dæmi um að hinn sviðsetti Þórbergur lætur drenginn álíta að tákneimur dýra sé annar en manna.⁶⁷ Seppi á það til að gelta á kvöldin án nokkurs sjáanlegs tilefnis og sögumaður segir:


Hvaða ósköp voru þetta? Eitthvað hefur Seppi séð. En hvað sá hann? Það var einn af leyndardómum lífsins. Samt var þetta mikil kennslustund í tilveru einhvers sem mér var hvorki gefið að sjá né heyra. (bls. 125)

Lesendum er sýnilega ætlað að ráða af þessu að Bergur litli hafi komist að þeirri niðurstöðu að Seppi skynjaði tákni þar sem mennirnir skynjuðu engin, sem mætti orða svo að drengurinn hefði áttað sig á að *skynheimur* hundsins væri annar en manna.

En það er ekki bara skilningurinn á tákneimi dýra sem tengir Þórberg og Uexküll. Einkar skemmtilegt er að þeir virðast báðir – rétt eins og Jesper-

⁶⁶ Samanber Stefán Ágústsson, „Allt sem hefur verið til, heldur áfram að vera til“, *Ritið* 2/2020, bls. 7–40, hér bls. 29–32. Einnig skal minnt á fyrrnefndan fyrirlestur Stefáns og BA-ritgerð hans, „*Hvilk eilífið er líf steinsins!*“. *Dulspeki í verki Þórbergs Þórðarsonar*, *Steinarnir tala*, Háskóla Íslands, 2018. Soffía Auður Birgisdóttir hefur nýlega fjallað um það sem hún nefnir dýrafræði Þórbergs, sjá „Hin skemmtilega dýrafræði Þórbergs Þórðarsonar og möguleikar hennar“, *Ritið* 1/2020, bls. 141–162.

⁶⁷ Samanber Stefán Ágústsson, „Allt sem hefur verið til, heldur áfram að vera til“, bls. 30



sen – hafa verið uppteknir af sýn barna á heiminn. Uexküll gaf út myndabók árið 1934 sem mætti kalla *Spássértúra um skynbeim dýra og manna. Myndabók ósýnilegra heima*.⁶⁸ Því hefur verið haldið fram að sjálft form bókarinnar vitni um að Uexküll hafi jafnan talið eitthvað barnslegt og ævintýralegt við rannsóknir sínar á smádýrum.⁶⁹ Bókin hefur verið túlkuð svo að í henni sé gert út á „þriðja minnið“ (e. *tertiary memory*) svokallaða – og þess konar athygli sem einkennir börn; þau eru allajafna opin fyrir því að eitthvað nýtt beri fyrir augu og bara brot af fyrirbærum og aðstæðum blasi við. Hugmyndina um „þriðja minnið“ sækja menn þá til franska heimspekingsins Bernards Stieglers – sem hefur það aftur úr tölvunarfræðum. Það er í rauninni minni sem er búið að útvista í krafti tækninnar – í víðri merkingu þess orðs – og teikningar af náttúrunni eru þá dæmi um slíka útvistun.⁷⁰

Steinarnir tala er að sönnu ekki myndabók. Þar eru þó dregnar með orðum margar áhrifamiklar myndir, og orð á blaði eru líka vitnisburður um „þriðja minnið“ að skilningi Stieglers. Lesendur geta því borið saman afstöðuna til barna í *Spássértúrunum* og *Steinarnir tala*. Þeir geta til að mynda velt fyrir sér þessum myndum úr bók Uexküls, þar sem skógarvörður horfir annars vegar á tré en hins vegar lítil stúlka:⁷¹

⁶⁸ Jakob von Uexküll og Georg Kriszat, *Streifzüge durch die Umwelten von Tieren und Menschen. Ein Bilderbuch unsichtbarer Welten, Bedeutungslehre*, formáli Adolf Portmann, Hamburg: Rowohlt, 1956. Orðið spássértúrar er hér valið af því að í samheitaorðabókinni, sem byggir meðal annars á orðum frá Þórbergi, er sögnin spásæra/spássæra eitt af flettiorðunum, sjá *Íslensk sambeitaorðabók*, ritstjóri Svavar Sigmundsson, Reykjavík: Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, Háskóla Íslands, 1985, bls. 445.

⁶⁹ Stephen Loo og Undine Selbach, „A Picture Book of Invisible Worlds“. *Semblances of Insects and Humans in Jakob von Uexküll's Laboratory*, *Angelaki, Journal of the Theoretical Humanities* 1/2013, bls. 45–64, hér. bls. 46.

⁷⁰ Sama heimild, bls. 52.

⁷¹ Jakob von Uexküll og Georg Kriszat, *Streifzüge durch die Umwelten von Tieren und Menschen*, bls. 95.

Í framhaldinu geta menn ímyndað sér látæði Bergs litla og Þórðar föður hans, hvors í sínu lagi, fyrir framan taðstálið á Hala með hliðsjón af þessari lýsingu:

Taðstálið [...] var framhlið á ísbyggilegri vistarveru. Bak við það, inni í leyndardómum taðbingsins, bjó taðkarlinn. Ég vissi alveg að hann var þar, og ég vissi nákvæmlega hvernig hann leit út. Það var gamall karl í gráum fötum með grátt alskegg og bleikur í framan, heldur lágur og holdgrannur, en sterkur og snar í hreyfingum, eldfljótur að skjótast. Ekki man ég hvað hann hafði á höfðinu. Hann var vondur. Hann sat um að grípa börn og draga þau til sín inn í taðið. Hann var þó ekki mjög hættulegur fyrir en búíð var að brenna nokkuð miklu framan af taðhlaðanum. [...] Stundum hrundi úr taðhlaðanum, eftir að búíð var að brenna skánarveggnum, sem studdi að honum að framan. Það var ekki náttúrlegt hrún. „Nú er taðkarlinn að láta hrapa.“ Nú skýst hann út úr taðinu og tekur mig. Og í sama andartaki hljóp ég af öllum kröftum út úr eldhúsinu, ef ég var þar einn, og söng eins hátt og ég gat til að yfirstíga í mér skelfinguna. (bls. 40 – 41)

Jesper Hoffmeyer, Daninn sem fyrr var minnst á, þróaði kenningu um það sem hann kallaði táknhvolf (e. *semiosphere*) til samræmis við gufuhvolf (e. *atmosphere*), lífhvolf (e. *biosphere*) og annað í þeim dúr. Hann var þeirrar skoðunar að hugtakið lífhvolf hefði ekki fært mönnum þá heildarsýn á heiminn sem vonir stóðu til. Því yrði að gera ráð fyrir að allt líf, frá bakteríum til manna fæddist inn í táknhvolf sem það þyrfti að aðlagast til að komast af. Lífhvolfið ætti svo að skoða í ljósi táknhvolfsins en ekki öfugt.⁷² Hér skal því haldið fram að ef bók Þórbergs, *Steinarnir tala*, er lesin í beinu framhaldi af bók Hoffmeyers kunnir hún að orka sem staðfesting á kenningu Danans. Skýringin er ekki bara sú að sögumaður Steinanna er ósjaldan með hugann við tákni og tákningu og fjallar um efni eins og minni og gleymsku sem Hoffmeyer gerir ítarleg skil. Sögumaður Þórbergs leitar á þegar Hoffmeyer skýrir sjálf. „Sjálfr“, segir Hoffmeyer, krefst þriggja þátta tengsla þar sem einstaklingurinn vísar bæði til aðstæðnanna sem hann býr við og til eigin veru í

⁷² Jesper Hoffmeyer, *Signs of Meaning in the Universe*, þýðandi Barbara I. Haveland, Bloomington: Indiana University Press, 1995. Í bókinni lýsir Hoffmeyer táknhvolfinu og vexti þess frá því sjö hundruð þúsund milljónum ára eftir miklahvell og til manna og dýra í samtímanum; ræðir tákningu og táknerfi jafnt innra með lífverum sem utan þeirra, svo að ekki sé minnst á táknskipti.

þeim.⁷³ Svo sjálfsgöð sem þessi fullyrðing virðist, er hún lykilatriði. Í *Steinarnir tala* vinnur sögumaður með þriggja þátta tengslin á tveimur sviðum, sínu eigin sem fullorðins manns og á sviði drengsins Bergs. Það veldur því að hann getur ekki aðeins eignað drengnum afstöðu fullorðinsáranna heldur líka vakið athygli á því hvað strákur vissi eða skildi ekki. Ætlun sögumanns virðist einkum vera, að gera sjálfum sér þannig skil að honum líki – fá þar með botn í sjálfan sig – og halda til haga þekkingu á aðstæðunum sem hann bjó við.⁷⁴ Og kannski er það ekki síst „tvöföldun“ þriggja þátta tengslanna sem gerir sögumanni kleift, rétt eins og Hoffmeyer, að gefa lesendum inn-sýn í breytingar og þróun, jafnt á lífi manna sem dauðri náttúru, svo ekki sé talað um samspil minnis og gleysku. Hann hugsar um sögu og í sögum:⁷⁵

Ég stanzaði líka stundum hjá steini, sem stóð við götuna skammt fyrir neðan og austan borgina. Hann var gamallegur og hafði horft á margar kynslóðir fara um veginn. Fyrir meira en hundrað árum þegar Þorsteinn skáld tól var að vaxa upp á Gerði, þá hafði þessi steinn virðulegt nafn og var kallaður Hægur. Þá fór fólk stundum á hestbak við hann. Nú var hann engum til gagns og nafn hans aðeins nefnt í minningu elztu manna. Svo kom hlaup úr fjallinu og tróð sér upp að honum allt í kring, og þá varð hann lítill. (bls. 120)

Hér er minnst á hugsanlegan samhljóm með kenningum Hoffmeyers og bók Þórbergs til að setja á oddinn hversu langt á undan íslenskri samtíð sinni Þórbergur var í táknskilningi sínum. Auk guðspekinnar og austrænu fræðanna hefur náttúru trúin – veganestið úr Suðursveit sem einkennir meðal annars Steinana – vísast lagt sitt til hins sérstæða táknskilnings hans.⁷⁶ En nú

⁷³ Jesper Hoffmeyer, *Signs of Meaning in the Universe*, bls. 51. Á ensku segir: „Thus, a “self” presupposes a three-factor relation in which the individual refers both to the situation in which he finds himself and to his own presence in that situation.“

⁷⁴ Atli Antonsson og Gunnþórunn Guðmundsdóttir telja að „nokkuð ólíkar áherslur“ séu að baki annars vegar Suðursveitarbókunum og hins vegar *Íslenskum aðli og Ofvitánunum*. Þeim virðist „nákvæmni og sannverðugleiki“ skipta meiru í Suðursveitarbókunum en hinum þannig að „skráningarmarkmiðið“ hafi verið Þórbergi efst í huga í hinum fyrrnefndu. Í samræmi við það telja þau að hann hafi fremur ætlað sér að skrifa endurminningar með Suðursveitarbálkinum en sjálfsævisögu. Sjá „Combrey og Suðursveit. Um minni og þroska í *Steinarnir tala* og *Leiðin til Swann*“, bls. 63.

⁷⁵ Við bætist auðvitað fleira, meðal annars hugmyndir um skiptingu vitundarinnar, til dæmis úr sálfræði og nýjógafræðum sem Þórbergur kynnti sér, sjá Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Að predika dýraverndun fyrir soltnum hýenum“, einkum bls. 18–23.

⁷⁶ Sjá Stefán Ágústsson, „Allt sem hefur verið til, heldur áfram að vera til“ og BA-ritgerð hans „*Hvílík eilíff er líf steinsins!*“. *Dulspeki í verki Þórbergs Þórðarsonar*, Steinarnir tala, Háskóla Íslands, 2018.

hafa einnig verið leidd rök að öðru. Sú trú hans að reynslan af heiminum, sem blasti við mönnum, væri *blekking* (maya) virðist hafa markað sagnagerð hans í ríkara mæli en fyrr hefur verið talið. Þess má að minnsta kosti sjá staði í *Íslenskum aðli* eins og kemur fram í grein Álfðísar Þorleifsdóttur í þessu hefti.⁷⁷ Í þeirri bók nýtir Þórbergur tvöföldun sjálfins ekki síður en í Steinunum og þá meðal annars til að sýna að hann hafi ekki verið kominn nógu langt á þroskabraut sinni þegar þeir atburðir urðu sem sagt er frá.

Þegar Þórbergur talaði um blekkinguna í *Íslenskum aðli* voru forsendur hans aðrar en helsta frumkvöðuls líftáknfræðinnar, Thomasar Sebeoks, sem sagði – löngu eftir að Aðallinn kom út – að meginhlutverk táknfræðinnar væri „að miðla milli veruleika og blekkingar“.⁷⁸ En viðhorfi beggja fylgdi sitthvað sem sameinar þá. Í fyrsta lagi virðingin fyrir lífinu almennt, ekki bara mennsku lífi. Í öðru lagi skilningurinn á takmörkunum mannsins: Eins og önnur dýr er hann aðeins útbúinn til að nema og tjá ákveðin tákni – og getur í ofanálag lesið rangt úr táknum eða leitt þau hjá sér.⁷⁹ Í þriðja lagi þörfin á að menn könnuðu vísindalega þann heim sem þeir byggðu en horfðust í sömu mund einarðir í augu við að hinn takmarkaði táknilingur mannsins setur svip sinn á vísindi hans ekki síður en annað. Eða svo vísað sé til orða Þórbergs sjálfs:

Það er margt í mannheimi,
sem maður enginn veit.
Ýmislegt í uppheimi,
sem ekkert mansbarn leit.
Dálítið í djúpheimi,
sem Darwin enginn reit.⁸⁰

⁷⁷ Álfðís Þorleifsdóttir, „Krishnamurti og Þórbergur. Um blekkinguna og lausnina í *Íslenskum aðli*“, *Ritið* 2/2020, bls. 45–76. Sjá einnig fyrrnefndan fyrirlestur Álfðísar og MA-ritgerð hennar, *Bókin um blekkinguna*, Háskóla Íslands, 2018 [Ritgerðin fjallar um *Íslenskan aðal*].

⁷⁸ Hér eftir John Deely, „Semiotics and Jakob von Uexküll’s concept of umwelt“, *Σημειωτική-Sign Systems Studies* 1–2/ 2004, bls. 11–34, hér bls. 17.

⁷⁹ Nefna má tvennt til skýringar. Margir hafa sem kunnugt er óspart leitt hjá sér breytingar á loftslagi síðustu áratugi og Finnur Magnússon var í góðri trú þegar hann las dróttkvæða vísu úr jökulristum í Blekinge á síðustu öld, sjá Iver Kjær, „Runer og revner i Blekinge og bag voldene. Oldgranskerens Finnur Magnússons berømmelse og nederlag“, *Guldalderhistorier. 20 nærbilleder af perioden 1800–1850*, ritstjóri Bente Scavinius, København: Gyldendal, 1994, bls. 126–133.

⁸⁰ Þórbergur Þórðarson, „Viðauki I, Raulað við sjálfan sig“, bls. 229. Vísan er úr kvæðinu „Það, sem enginn veit“.

Lokaorð

Í riti sínu Hugur og náttúra (*Mind and Nature*) kemst mann- og táknafræðingurinn Gregory Bateson, sem talinn er í hópi forgöngumanna líftáknafræðinnar, meðal annars svo að orði:

[...] staðreyndin að hugsa í sögum einangrar ekki mannskepnuna og aðskilur frá krossfiskinum og sæfíflunum, kókoshnetupálmunum og laufefjarlyklunum. Því er fremur þannig farið að sé heimurinn tengdur og ég hafi í grundvallaratriðum rétt fyrir mér í því sem ég er að segja, þá hlýtur það að hugsa í sögum að vera sameiginlegt öllum huga eða hugum, hvort sem það eru okkar eða hugar rauðviðarskóganna og sæfíflanna. Samhengi og vægi hljóta ekki bara að vera einkenni svokallaðs atferlis (sagna sem er varpað í ,atferli‘) heldur líka allra innri sagnanna, raðarinnar í uppbyggingu sæfíflilsins. Fósturfræði hans hlýtur á einhvern hátt að vera gerð úr sagnaefni. Og að baki því, hlýtur aftur þróunarferlið um milljónir kynslóða, sem skapaði sæfífilinn, eins og mig og þig, líka að vera ferli gert úr sagnaefni. Vægi verður að vera í hverju þrepi þróunar-sögunnar og milli þrepa hennar.⁸¹

Þessi orð geta reynst ágeng velti fólk vöngum yfir sagnamanninum, málfræðingnum og táknafræðingnum Þórbergi Þórðarsyni – sem hugsar ekki bara um sögu og í sögum og gaumgæfir hug dýra, samanber kýrnar – heldur er kannski beinlinis gerður úr sagnaefni rétt eins og þær lífverur sem hann segir frá.

En orð Bateson gætu einnig verið hugvísindamönnum og raunvísindamönnum brýning um að lokast ekki svo hressilega inni á eigin fræðasviði að

⁸¹ Gregory Bateson, *Mind and Nature*, New York: E.P. Dutton, 1979, bls. 13–14. Á ensku segir: „the fact of thinking in terms of stories does not isolate human beings as something separate from the starfish and the sea anemones, the coconut palms and the primroses. Rather, if the world be connected, if I am at all fundamentally right in what I am saying, then thinking in terms of stories must be shared by all mind or minds whether ours or those of redwood forests and sea anemones. Context and relevance must be characteristic not only of all so-called behavior (those stories which are projected out into ‘action’), but also of all those internal stories, the sequences of the building up of the sea anemone. Its embryology must be somehow made of the stuff of stories. And behind that, again, the evolutionary process through millions of generations whereby the sea anemone, like you and me, came to be – that process, too, must be of the stuff of stories. There must be relevance in every step of phylogeny and among the steps.“

þeir sjái ekki út fyrir það og láti vera að hugleiða grannt hvernig tengslum fyrirbæra í veröldinni gömlu kunni að vera háttað. Þórbergur var að sínu leyti fjölfræðingur og hér höfum við aðeins getað stiklað á ákveðnum meginatriðum í afstöðu hans til tungumáls og táknfræði – sem tengjast til að mynda dulspeki, alþjóðahyggi og líffræði.⁸²

ÚTDRÁTTUR

Margt hefur verið skrifað um skáldið og rithöfundinn Þórberg Þórðarson. Minna hefur verið hugað að málfræðingnum Þórbergi og táknskilningi hans. Í þessari grein er hann þó meginathugunarefnið og ætlunin einkum að vekja forvitni manna um svið í skrifum Þórbergs sem hefur lítið verið sinnt. Viðhorf Þórbergs til ýmissa álitamála í málfræði eru skoðuð í sögulegu ljósi og stiklað á stóru um hræringar í samamburðarmálfræði á nítjándu öld og fram á þá tuttugustu, en táknskilningur hans borinn að kenningum táknsfræðinga af ólíkum fræðasviðum.

Þórbergur stundaði nám í norrænu við Háskóla Íslands og starfaði meðal annars við orðasöfnun úr mæltu máli. Í krafti áhuga á guðspeki og esperantó kynntist hann líka alþjóðlegum straumum og stefnum í málfræði en eins og jafnan vann hann á sjálfstæðan hátt úr þeirri þekkingu sem hann aflaði sér. Hann las til að mynda rit danska málfræðingsins Ottos Jespersen og þar kynntist hann sennilega kenningum Ferdinands de Saussure. Á Jespersen leit hann raunar sem „svikara“ við málstað esperantós en engu að síður áttu þeir eitt og annað sameiginlegt, til dæmis áhuga á máli barna og leik með mál. Þórbergur tók líka undir ýmsar hugmyndir Danans, ekki síst um aflvaka málbreytinga, en í þeim efnum var Jespersen mjög gagnrýninn á formhyggju Saussures. Sú umræða á sér að líkindum pólitíska hlið, en þjóðtungur, uppruni þeirra og þróun, höfðu verið dregnar inn í þjóðernisorðræðu á fyrri hluta tuttugustu aldar. Þá er rakið hvernig Þórbergur beitir í frásögninni „Tummu Kukku“ málfræðiskopi til að draga dár að þjóðrembu og málfræðilegri ályktanagleði um leið og hann tæpir á almennum spurningum um mál og merkingu.

Sá táknskilningur sem lýsir af skrifum Þórbergs virðist standa nær hugmyndum bandaríska heimspekingsins Charles Sanders Peirce en Saussures. Peirce er talinn ein meginstöðin undir því fræðasviði sem landi hans Thomas A. Sebeok kallaði seinna dýratáknfræði (e. zoosemiotics) og líftáknfræði (e. biosemiotics). Önnur slík

⁸² Meðal rita sem vert væri að nýta til að kanna einhver verka Þórbergs er *Biosemiotic Perspectives of Language and Linguistics*, ritstjórar Ekaterina Velmezova, Kalevi Kull og Stephen J. Cowley, Heidelberg, New York, Dordrecht og London: Springer, 2015.

stoð er Eistinn Jakob Johann von Uexküll sem setti fram kenninguna um skynheim (þ. Umwelt) dýra. Dæmi tekin úr bókinni *Steinarnir tala* vitna um að Þórbergur sé á áþekkkum slóðum og Uexküll í afstöðu sinni til skynjunar dýra auk þess sem Eistinn er upptekinn af barninu og hinu barnslega rétt eins og Þórbergur (og Jespersen). Allir þrír, Peirce, Uexküll og Þórbergur vildu ganga veg vísindanna en hneigðust samt til dulhyggju og höfnuðu efnishyggju. Enginn vitnisburður hefur fundist um að Þórbergur hafi þekkt til Peirce og Uexkülls en þann samhljóm sem heyra má með hugmyndum hans og þeirra er unnt að rekja til ákveðinnar tilhneigingar í tímunum: Uppreisn gegn vaxandi efnishyggju kann að leiða til áþekkrar niðurstöðu þó að forsendur hennar séu ólíkar. Grundvöllur Þórbergs var ekki síst guðspekin og austrænu fræðin. En séu hugmyndir hans bornar að skrifum líftáknfræðinga kemur í ljós hve langt á undan íslenskri samtíð sinni hann var í táknskilningi.

Lykilorð: Þórbergur Þórðarson – málfræði – táknafræði – líftáknafræði – Tumma Kukka – Steinarnir tala

ABSTRACT

Playing with word-tools:

On the linguist and semiotician Þórbergur Þórðarson

Despite extensive scholarship on Þórbergur Þórðarson, the writer and poet, little heed has been given to Þórbergur the linguist and his view of symbols. This, nevertheless, is the main subject of the present paper which aims to provoke curiosity about neglected aspects of Þórbergur's writings. Þórbergur's stance towards a number of debatable linguistic questions is put in a historical perspective against the backdrop of various currents in the development of historical linguistics in the 19th and early 20th century. His semiotic understanding is also compared to semiotic theories from various fields of study.

Þórbergur Þórðarson studied Old Icelandic language and literature at the University of Iceland and also did fieldwork collecting dialect words from informants around the country. Through his interest in theosophy and Esperanto he also became acquainted with international currents in linguistics, adopting, as always, an independent position towards the knowledge he acquired. For example he read works of the Danish linguist Otto Jespersen where he probably learnt about Ferdinand de Saussure's theories of language. Although Þórbergur saw Jespersen as a "traitor" to the Esperanto cause, they had several things in common, such as their interest in the language of children and language play. Þórbergur also promoted

some of Jespersen's ideas, especially on the dynamics of language change, where the Danish linguist strongly criticised Saussure's formalist stance. This debate probably had a political aspect as the issue of national languages, their origin and development, had become a part of the nationalistic discourse of the early 20th century. It is shown how Þórbergur in his narrative "Tumma Kukka" uses linguistically inspired humour to ridicule chauvinism and fanciful etymologies as well as touching on general questions about language and meaning.

The semiotic understanding that emanates from Þórbergur's writings seems to be closer to the ideas of the American philosopher Charles Sanders Peirce than they are to Saussure's ideas. Peirce is considered to be one of the main pillars of the field that his countryman Thomas A. Sebeok later called zoosemiotics and biosemiotics. Another pillar of the field is the Estonian Jakob Johann von Uexküll who put forth the theory of the Umwelt of animals. Examples from Þórbergur's book, *Steinarnir tala*, suggest that the author's attitude towards animal perception is similar to Uexküll's, who also shared Þórbergur's (and Jespersen's) fascination with the child and the childish. All three, Peirce, Uexküll and Þórbergur, wanted to be men of science but also leant towards occultism and rejected materialism. There is no evidence that Þórbergur was familiar with Peirce and Uexküll but the harmony between his ideas and theirs can be traced to a certain historical trend. Revolts against the rise of materialism may lead to similar results although they are made on different premises. Þórbergur's thought was mostly based on theosophy and oriental lore. But when his ideas are compared to the writings of biosemioticians it becomes apparent how far ahead his semiotic understanding was of his Icelandic contemporaries.

Keywords: Þórbergur Þórðarson – linguistic – semiotics – biosemiotics – Tumma Kukka – Steinarnir tala

AÐALSTEINN EYÐÓRSSON

Íslenskufræðingur

ReykjavíkurAkademíunni

Þórunnartúni 2

105 Reykjavík

adalsteinn.e@gmail.com

BERGLJÓT SOFFÍA KRISTJÁNSDÓTTIR

Prófessor í íslenskum bókmenntum

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Árnagarði við Suðurgötu

IS-102 Reykjavík, Ísland

bergljot@hi.is

